

Þriðjudaginn 21. desember 1976.

Nr. 153/1976. **Kyndill h/f** (Kristján Eiríksson hrl.)
gegn

Ragnari Jónssyni og gagnsök (sjálfur).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómarmenn **Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.**

Fjárnám. Frávisun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1976, sem birt var 24. september s. á. Hann krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og gagnáfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjaði málinu með stefnu 12. október 1976, krefst staðfestingar á fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hið áfrýjaða fjárnám var gert í eignarhluta Jósafats Arngrímssonar, stjórnarformanns aðaláfrýjanda, í húseigninni Hafnargötu 31 í Keflavík samkvæmt dómi á hendur aðaláfrýjanda, en með samþykki Jósafats.

Jósafat Arngrímsson hefur hvorki áfrýjað málinu af sinni hálfu né heldur hefur honum verið stefnt fyrir Hæstarétt. Af þessari ástæðu þykir eiga að vísa málinu frá Hæstarétti, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Dómkröfu sína rökstyður aðaláfrýjandi með því, að fógæti hafi ekki gætt leiðbeiningarskyldu sinnar nægilega, þegar hann framkvæmdi hið áfrýjaða fjárnám.

Fógeti bókaði, að hann hefði gætt leiðbeiningarskyldu sinnar. Síðar gat hann í fógetabókinni um ýmis andmæli, sem Jósafat Arngrímsson bar fram vegna aðaláfrýjanda. Rétt var að gera nánari grein fyrir því, hvaða ástæður voru til þess, að fógeti sinni ekki andmælum þessum. Þrátt fyrir þetta verður ekki talið, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð sé haldin slíkum göllum, að ástæða sé til að ómerkja hana, enda verður ekki séð, að áfrýjandi hafi orðið fyrir réttarspjöllum vegna þessa. Verður krafa aðaláfrýjanda því ekki tekin til greina.

Jósafat Arngrímsson, sem talinn er eigandi fasteignarhluta þess, sem fjárnám var gert í, benti sjálfur á eign þessa til fjárnáms til tryggingar kröfum gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda. Hann hefur eigi áfrýjað fjárnámi þessu, og er ekki lagaskylda til að stefna honum fyrir Hæstarétt í máli þessu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð og dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 30.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Kyndill h/f, greiði gagnáfrýjanda, Ragnari Jónssyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 29. júní 1976.

Ár 1976, þriðjudaginn 29. júní, var fógetaréttur Keflavíkur settur á skrifstofu embættisins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta, Sveini Sigurkarlssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 162/1976: Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður gegn Kyndli h/f.

Gerðarbeiðandi mætir sjálfur í réttinum og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur, uppkveðinn 21. október 1974, nr. 3 greiðsluáskorun, nr. 4 afrit af dómi Hæstaréttar, dags. 23. júní 1975, og nr. 5 ljósrit af fjárnámi (skjölin fylgja í ljósriti) og krefst fjárnáms til tryggingar dóm-skuldinni, kr. 1.647.474 auk 1.5% mánaðarvaxta af kr. 219.200 frá 4. febrúar 1974 til 12. febrúar s. á., af kr. 438.400 frá þeim degi til

16. febrúar 1974, af kr. 653.600 frá þeim degi til 3. mars s. á., af kr. 1.396.200 frá þeim degi til 28. apríl 1974, af kr. 1.647.474 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 2% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 660.000, greiddum 3. september 1975, og 528.810, greiddum 3. desember 1975, kr. 2.490 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 300.000 í málskostnað, kr. 1.850 í birtingar- og endurritskostnað og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Forstjóri gerðarþola, Jósafat Arngrímsson, er mættur í réttinum, sem samþykkir að gerðin fari hér fram. Gætti fógæti leiðbeiningskyldu við mætta, sem er ólöglærður, og skoraði fógæti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki greiða.

Skoraði fógæti á mætta að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógætaréttinum.

Mætti mótmælir því, að fjárnámið nái fram að ganga, þar sem fjárnámskröfunni sé ekki rétt lýst og hún vanreifueð að því leyti er varðar vexti og kostnað. Leggur mætti fram nr. 6 kvittun og nr. 7 afrit af bréfi. Voru mótmæli umboðsmanns gerðarþola ekki tekin til greina. Þá bendir mætti á inneign, sem hann telur sig eiga hjá Ásgeiri H. Magnússyni og Co og leggur fram ljósrít, en hann telur sig eiga 1.446.527 samkvæmt skjölum. Gerðarbeiðandi mótmælir, og eru mótmælin tekin til greina, sbr. 24. gr. aðfararlaga. Mætti bendir nú á jarðýtu af gerðinni Komatsa, D-155, sem er í vöruportu Eimskipafélags Íslands í Reykjavík, sem hann segir, að hafi verið tollafgreidd. Mótmælir gerðarbeiðandi og krafðist þess, að bent væri á aðrar eignir. Mætti f. h. gerðarþola býðst til þess að leggja eign sína að veði til tryggingar á greindri kröfu og benti nú á 3ju hæð húseignarinnar nr. 31 við Hafnargötu, sem er þinglýst eign umboðsmanns gerðarþola, og lýsti fógæti yfir fjárnámi í fasteigninni Hafnargötu 31 í Keflavík, 3ju hæð.

Fallið var frá virðingu. Segir umboðsmaður gerðarþola, að samkv. veðbókarvottorði hvíli á nefndri eign 10.458.600 kr. Yfirlýst fjárnám er til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógæti fyrir gerðarþola, að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnúnda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsíabyrgð að lögum.